

BORGARRÁÐ 22. júlí 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um ávinning af því að ráða verktaka í stað starfsmanna - 21020055

Fulltrúi Flokks fólksins spyr hver er ávinningur Reykjavíkurborgar að reka fasta starfsmenn með mikla reynslu og ráða inn verktaka í sömu störf? Einnig langar borgarfulltrúann að vita hvernig það má vera að starfsmenn sem sviðið þarf að láta aðra verktaka þjálfa upp sé ódýrara og hagkvæmara en að halda föstum kjarna fastra starfsmanna. Óskað er eftir að fá tölulegar upplýsingar þar sem þessi samanburður er gerður.